

Nr. 49

26. ágúst 2022

AUGLÝSING um samning við Bandaríkin um samstarf á sviði viðskipta og fjárfestinga.

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku um samstarf á sviði viðskipta og fjárfestinga, sem gerður var í Reykjavík 15. janúar 2009, öðlaðist gildi 22. maí 2009.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almennungi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

**SAMNINGUR
MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
OG RÍKISSTJÓRNAR BANDARÍKJA NORÐUR-AMERÍKU
UM SAMSTARF Á SVIÐI VIÐSKIPTA OG FJÁRFESTINGA**

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku („samningsaðilar“):

sem hafa í huga traust vináttubönd og nán tengsl milli landanna tveggja,

sem vilja greiða fyrir fjárfestingum og vöru- og þjónustuviðskiptum milli yfrráðasvæða landanna,

sem viðurkenna mikilvægi þess að skapa opið og traust umhverfi þar sem alþjóðleg viðskipti og fjárfestingar fá dafnað,

sem sjá fyrir þann hag sem hvor samningsaðili um sig getur haft af auknum alþjóðlegum viðskiptum og fjárfestingum og að með því að ryðja úr vegi hindrunum, sem aftra tvíhlíða viðskiptum og fjárfestingum, megi auka hagvöxt og stuðla að aukinni framleiðni á yfrráðasvæðum hvors samningsaðila um sig,

sem viðurkenna þann mikilvæga þátt sem fjárfestingar einkaaðila, innlendra sem erlendra, eiga í því að auka vöxt, skapa ný störf, glæða viðskipti, bæta tækni og flýta fyrir þróun efnahagslífssins,

sem viðurkenna mikilvægi þess að leysa vandamál í tengslum við viðskipti og fjárfestingar eins fljótt og aðstæður leyfa,

sem einsetja sér að stuðla að gagnsæi og að uppræta mútuþægni og spillingu í alþjóðlegum viðskiptum og fjárfestingum,

sem viðurkenna mikilvægi þess að réttindi launþega njóti fullnægjandi og skilvirkar verndar og virðingar í samræmi við vinnulöggjöf hvors samningsaðila um sig og að virðing við alþjóðlega viðurkennd réttindi launþega sé styrkt,

sem viðurkenna mikilvægi þess að vernda og varðveita umhverfið samkvæmt umhverfislöggjöf hvors samningsaðila um sig og vilja tryggja stefnumið í viðskiptum og umhverfismálum stuðli með gagnkvæmum hætti að framgangi sjálfbærar þróunar,

sem vekja athygli á að samningsaðilar eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni („WTO“) og lýsa því yfir að samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur þeirra samkvæmt þeim samningum, viljayfirlýsingum og öðrum gerningum sem tengjast eða gengið er frá á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar,

sem lýsa yfir vilja sínum til þess að stofna ráð fyrir regluleg skoðanaskipti milli samningsaðilanna um viðskipti og fjárfestingar,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Stofnsetning.

Samningsaðilarnir koma hér með á fót samstarfsráði Bandaríkjanna og Íslands um viðskipti og fjárfestingar („ráðið“) sem fulltrúar hvors samningsaðila um sig eiga sæti í.

2. gr.

Markmið.

Ráðið skal leitast við að efla tvíhlíða viðskipti og fjárfestingar með því að:

1. eiga frumkvæði að tilteknum viðfangsefnum á sviði viðskipta og fjárfestinga í því skyni að gerðir verði samningar eða samkomulag af öðru tagi sem mun greiða fyrir tvíhlíða viðskiptum og fjárfestingum,
2. taka til umræðu fjölhliða viðskiptamál sem þjóna sameiginlegum hagsmunum,

3. skilgreina viðfangsefni á sviði viðskipta og fjárfestinga sem gætu orðið grundvöllur samninga eða sameiginlegrar aðgerðar á marghliða eða fjölpjóðlegum vettvangi,
4. stuðla að samstarfi samningsaðilanna um viðfangsefni á sviði viðskipta og fjárfestinga,
5. greiða fyrir aukinni aðkomu einkageirans að samvinnu samningsaðilanna á sviði viðskipta og verslunar,
6. að kanna öll tiltekin viðfangsefni á sviði viðskipta og fjárfestinga sem annar samningsaðili kann að benda á og
7. taka til umfjöllunar frumkvæði af öðru tagi sem kynni að draga úr hindrunum í viðskiptum og fjárfestingum milli samningsaðila.

3. gr.
Skipulag.

1. Ráðinu skal stýrt sameiginlega af fulltrúa embættis viðskiptafulltrúa Bandaríkjanna og fulltrúa utanríkisráðuneytis Íslands.
2. Fulltrúar annarra ríkisstofnana og einkageirans hjá samningsaðilum kunna að taka þátt í störfum ráðsins eftir atvikum.

4. gr.
Verklag.

1. Ráðið kemur reglulega saman þegar, þar og með þeim hætti sem samningsaðilar koma sér saman um.
2. Ráðið skal fara gaumgæfilega yfir þau svið þar sem samstarf kemur til greina og taka til umræðu mál sem þjóna hagsmunum beggja samningsaðila.
3. Ráðið skal kenna reglulega hvernig miðar að ná markmiðum þessa samnings.
4. Ráðið getur kallað saman vinnuhópa embættismanna viðeigandi ríkisstofnana til að taka fyrir einstök viðfangsefni á sviði viðskipta og fjárfestinga.
5. Samningsaðilarnir skulu leita ráða, eftir því sem við á, hjá fulltrúum einkageirans í landi hvors um sig um þau mál er varða starfsemi ráðsins.
6. Hvor samningsaðili um sig skal kappkosta að gefa ráðinu færi til að fjalla um tiltekið viðfangsefni áður en hann gerir ráðstafanir sem kynnu að skaða viðskipta- eða fjárfestingahagsmuni gagnaðilans.

5. gr.
Lokadákvæði.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um ákvæði landsлага hvors samningsaðila um sig eða um þau réttindi og skyldur hvors samningsaðila um sig sem leiðir af öðrum samningum.
2. Samningsaðilum er heimilt að breyta samningi þessum með skriflegu samkomulagi þar um.
3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag þegar samningsaðilar skiptast á orðsendingum þess efnis að hvor um sig hafi lokið lögformlegri innlendri málsmeðferð og heldur gildi sínu uns honum er slitið skv. 4. mgr. þessarar greinar.
4. Hvor samningsaðili sem er getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til gagn-aðilans. Uppsögn tekur gildi þann dag sem samningsaðilarnir koma sér saman um eða, komist þeir ekki að samkomulagi, 180 dögum eftir afhendingardag tilkynningar um uppsögn.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Reykjavík hinn 15. janúar 2009 í tvíriti á ensku.

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

.....
Össur Skarphéðinsson

**FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR
BANDARÍKJA NORÐUR-AMERÍKU**

.....
Christopher S. Wilson

**AGREEMENT
BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND
AND THE GOVERNMENT OF THE UNITED STATES OF AMERICA
ON TRADE AND INVESTMENT COOPERATION**

The Government of Iceland and the Government of the United States of America (the “Parties”):

Considering the strong bonds of friendship and close ties between the two countries;

Desiring to facilitate investment and trade in goods and services between their territories;

Recognizing the importance of fostering an open and predictable environment for international trade and investment;

Recognizing the benefits to each Party resulting from increased international trade and investment, and that eliminating barriers to bilateral trade and investment will enhance economic growth and encourage increased productivity in each Party’s territory;

Recognizing the essential role of private investment, both domestic and foreign, in furthering growth, creating jobs, expanding trade, improving technology, and enhancing economic development;

Recognizing the desirability of resolving trade and investment problems as expeditiously as possible;

Committed to promoting transparency and eliminating bribery and corruption in international trade and investment;

Recognizing the importance of providing adequate and effective protection and enforcement of worker rights in accordance with each Party’s labor laws and of improving the observance of internationally recognized labor rights;

Recognizing the importance of protecting and preserving the environment in accordance with each Party’s environmental laws, and desiring to ensure that trade and environmental policies are mutually supportive in the furtherance of sustainable development;

Noting that the Parties are Members of the World Trade Organization (“WTO”) and affirming that this Agreement is without prejudice to the rights and obligations of these Parties under the agreements, understandings, and other instruments related to or concluded under the auspices of the WTO;

Declaring their intention to establish a forum for regular dialogue on trade and investment between the Parties;

Have agreed as follows:

**ARTICLE ONE
ESTABLISHMENT**

The Parties hereby establish the United States-Iceland Trade and Investment Cooperation Forum (“the Forum”), comprising representatives of each Party.

**ARTICLE TWO
OBJECTIVES**

The Forum shall seek to enhance bilateral trade and investment by:

1. pursuing initiatives on specific trade and investment matters, with a view to concluding agreements or other arrangements that will facilitate bilateral trade and investment;
2. discussing multilateral trade issues of common interest;
3. identifying trade and investment matters that may be appropriate for negotiation or joint action in plurilateral and multilateral fora;
4. promoting cooperation between the Parties on trade and investment matters;
5. facilitating the increased involvement of the private sector in trade and commercial cooperation

- between the Parties;
- 6. examining any specific trade and investment matter that a Party may raise; and
- 7. considering other initiatives that may serve to reduce barriers to trade and investment between the Parties.

**ARTICLE THREE
*ORGANIZATION***

- 1. The Forum shall be co-chaired by a representative of the Office of the United States Trade Representative and a representative of Iceland's Ministry for Foreign Affairs and External Trade.
- 2. Representatives of other governmental entities and of the private sector of a Party may participate in the Forum as appropriate.

**ARTICLE FOUR
*PROCEDURES***

- 1. The Forum shall meet on a regular basis at such times, in such places, and through such means as the Parties agree.
- 2. The Forum shall review areas for potential cooperation and discuss issues of mutual interest.
- 3. The Forum shall regularly review its progress in achieving the objectives of this Agreement.
- 4. The Forum may convene working groups of officials from appropriate governmental entities to address particular trade and investment matters.
- 5. As appropriate, the Parties shall seek advice from representatives of their private sectors on matters related to the Forum's activities.
- 6. Each Party shall endeavor to provide an opportunity for the Forum to consider a matter before taking actions that could adversely affect trade or investment interests of the other Party.

**ARTICLE FIVE
*FINAL CLAUSES***

- 1. This Agreement shall be without prejudice to the law of either Party or to the rights and obligations of either Party under any other agreement.
- 2. This Agreement may be amended by the agreement of both Parties in writing.
- 3. This Agreement shall enter into force on the date that the Parties exchange notes stating that each has completed the required procedures under its domestic law and shall remain in force unless terminated pursuant to paragraph 4 of this Article.
- 4. Either Party may withdraw from this Agreement by providing written notice of withdrawal to the other Party. The withdrawal shall take effect on a date the Parties agree or, if the Parties cannot agree, 180 days after the date on which the notice of withdrawal is delivered.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized by their respective governments, have signed this Agreement.

DONE at Reykjavik this 15th day of January 2009 in duplicate in the English language.

FOR THE GOVERNMENT OF ICELAND

.....
Össur Skarphéðinsson

**FOR THE GOVERNMENT OF THE
UNITED STATES OF AMERICA**

.....
Christopher S. Wilson